

Persónuverndarstefna - Vörubróun og prófun (umhverfi bílsins)

A. Umfang persónuverndarstefnu

Í þessari persónuverndarstefnu upplýsum við þig um vinnslu AUDI AG, Auto-Union-Straße 1, 85057 Ingolstadt, Deutschland / Þýskalandi („Við“, „okkur“, „okkar“ eða „Audi“) á persónuupplýsingum þínum í tengslum við notkun á prófunarökutæki („prófunarakstur“) á almennum vegum. Audi notast við svokölluð prófunarökutæki fyrir vörubróun, prófun og til að gæta öryggis. Þessi ökutæki eru útbúin skynjurum og mælitækjum sem og mælingartækni sem notast við myndbandsupptökur og eru merkt á viðeigandi hátt á yfirbyggingunni.

Prófunarakstur felur í sér akstur á meðan á þróunarferli ökutækisins stendur sem og öryggisprófun, akstursmat, stöðumat og samþykkisprófun. Þessi prófunarakstur verður m.a. framkvæmdur á almennum svæðum.

Almennar upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga hjá Audi má finna á vefsíðu okkar <https://www.audi.de/de/brand/de.html#layer=/de/brand/de/tools/navigation/layer/rechtliches.html&data-innerlayer=true>

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráður aðili“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Vinnsla er hvers kyns aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.

B. Almennar upplýsingar

I. Hver er ábyrgðaraðili fyrir vinnslunni?

Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd úrvinnslunnar í skilningi 7. mgr. 4. gr. GDPR (almennu persónuverndarreglugerðarinnar) – eins og lýst er í C-lið hér á eftir – er AUDI AG, Auto-Union-Straße 1, 85057 Ingolstadt, Deutschland / Þýskalandi.

II. Hvern get ég haft samband við?

Ef þú vilt halda fram rétti þínum varðandi gagnavernd skaltu nota upplýsingar um tengiliði á

<https://gdpr.audi.com/>

Á þessari síðu færðu frekari upplýsingar um hvernig þú getur haldið fram rétti þínum varðandi gagnavernd. Þú getur einnig haft samband við okkur bréfleiðis á eftirfarandi pósthfang:

AUDI AG, DSGVO-Betroffenenrechte, Auto-Union-Straße 1, 85057 Ingolstadt, Deutschland / Þýskalandi

III. Tengiliðaupplýsingar persónuverndarfulltrúa okkar

Ef þú hefur áhyggjur af gagnavernd geturðu einnig haft samband við **persónuverndarfulltrúa fyrirtækis okkar**:

AUDI AG, Datenschutzbeauftragter (persónuverndarfulltrúi), Auto-Union-Straße 1, 85057 Ingolstadt, Deutschland / Þýskalandi

Tölvupóstur: datenschutz@audi.de

IV. Hver eru réttindi mín?

Allt eftir lögsögu þinni, þ.e. hins skráða aðila, gætirðu átt eftirfarandi réttindi sem tengjast persónuvernd:

1. Aðgengi

Þú hefur rétt til að fá upplýsingar um gögn um þig sem eru varðveitt hjá Audi og um umfang gagnavinnslu og gagnaflutnings sem Audi framkvæmir, sem og að fá afrit af varðveittum persónuupplýsingum um þig.

2. Leiðréttingar

Þú átt rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða þig sjálfa(n) leiðréttar án ótilhlýðilegrar tafar sem og rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar um þig sem geymdar eru hjá Audi.

3. Eyðing

Þú átt rétt á að fá persónuupplýsingum sem geymdar eru hjá Audi og varða þig eytt án ótilhlýðilegrar tafar, að uppfylltum lögboðnum kröfum.

Þetta getur einkum átt við ef

- Persónuupplýsingar þínar eru ekki lengur nauðsynlegar miðað við tilganginn sem lá að baki söfnun þeirra;
- Eini lagagrundvöllur fyrir vinnslunni var samþykki þitt og þú hefur dregið það til baka;
- Þú hefur andmælt úrvinnslunni á lagalegum grundvelli jafnvægis á milli hagsmuna (e. balancing of interests) í tengslum við sérstakar aðstæður þínar og við getum ekki sýnt fram á að lögmætar ástæður, sem vega þyngra, séu fyrir vinnslunni;
- Vinnsla persónuupplýsinga þinna var ólögmæt; eða
- Eyða þarf persónuupplýsingunum til að uppfylla lagaskyldu.

Ef við höfum deilt gögnum þínum með þriðja aðila munum við tilkynna viðkomandi um eyðinguna, að því marki sem krafist er í lögum.

Tekið er fram að réttur þinn til eyðingar sætir takmörkunum. Til dæmis er þess ekki krafist af okkur að eyða gögnum sem okkur ber enn skylda til að varðveita vegna lögboðinna varðveislutímabíla. Að sama skapi eru gögn sem nauðsynleg eru til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur undanskilin rétti þínum til eyðingar.

4. Takmörkun á vinnslu

Þú átt rétt á að láta takmarka vinnslu gagna við tiltekna aðstæður (þ.e. auðkenna varðveittar persónuupplýsingar til að takmarka vinnslu á þeim í framtíðinni). Kröfur fyrir því eru:

- Ágreiningur er uppi um hvort persónuupplýsingar þínar séu réttar og Audi verður að staðfesta að þær séu réttar;
- Vinnslan er ólögmæt en þú andmælir því að persónuupplýsingunum sé eytt og ferð þess í stað fram á takmarkaða notkun þeirra;
- Audi þarf ekki lengur á persónuupplýsingum þínum að halda fyrir vinnsluna en þú þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Þú hefur andmælt vinnslunni og beðið er eftir því að athugað sé hvort lögmætir hagsmunir Audi vegi þyngra en þínir.

Þegar vinnsla sætir takmörkunum verða slík gögn auðkennd á viðeigandi hátt og skal einungis vinna slíkar upplýsingar - að varðveislunni undanskilinni - með samþykki þínu eða til að stofna, hafa

uppi eða verja réttarkröfur eða til að vernda réttindi annars einstaklings eða lögaðila eða með skírskotun til brýnna almannahagsmuna Sambandsins eða aðildarríkis.

5. Flytjanleiki gagna

Að því marki sem við vinnum úr persónuupplýsingum þínum á sjálfvirkan hátt á grundvelli veitts samþykkis frá þér eða samnings við þig (þar á meðal ráðningarsamnings) áttu rétt á að fá gögnin á skipulegu, almennum og tölvulesanlegu sniði og flytja þau gögn til annars ábyrgðaraðila án þess að Audi standi í vegi fyrir því. Þú átt einnig rétt á að láta senda persónuupplýsingarnar beint frá Audi til annars ábyrgðaraðila ef það er tæknilega mögulegt og að því tilskildu að það hafi ekki neikvæð áhrif á réttindi og frelsi annarra.

6. Andmæli

Ef við vinnum úr persónuupplýsingum þínum á grundvelli lögmætra hagsmuna eða í þágu almannahagsmuna hefur þú rétt til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna af ástæðum sem varða sérstakar aðstæður þínar. Auk þess hefur þú ótakmarkaðan rétt til að andmæla ef við nýtum gögnin þín til beinnar markaðssetningar á okkar vegum. Sjá athugasemd okkar undir liðnum „Upplýsingar um rétt þinn til andmæla“.

Í vissum tilvikum veitum við þér, utan sviðs persónuverndarmála, ótakmarkaðan og aukinn rétt til andmæla á grundvelli jafnvægis á milli hagsmuna. Við munum upplýsa þig um þetta í tengslum við viðkomandi virkni eða þjónustu.

7. Afturköllun samþykkis

Ef þú hefur veitt samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna geturðu afturkallað það hvenær sem er. Athugaðu að afturköllunin tekur aðeins gildi til framtíðar. Þetta hefur ekki áhrif á vinnslu sem fór fram fyrir afturköllunina.

8. Kvörtun

Auk þess áttu rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi á sviði gagnaverndar ef þú telur að vinnslan á persónuupplýsingum þínum sé ólögmæt. Rétturinn til að leggja fram kvörtun hefur ekki áhrif á önnur stjórnsýslu- eða réttarráðgjafi. Heimilisfang eftirlitsyfirvalds á sviði gagnaverndar sem Audi heyrir undir er:

[...]

9. Upplýsingar um andmælarétt þinn

a. Réttur til andmæla af ástæðum sem varða sérstakar aðstæður þínar

Þú hefur rétt til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna af ástæðum sem varða sérstakar aðstæður þínar. Forsenda þessa er að gagnavinnslan fari fram í þágu almannahagsmuna eða á grundvelli jafnvægis milli hagsmuna. Þetta á einnig við um gerð hvers kyns persónusniðs. Að því marki sem við byggjum vinnslu á persónuupplýsingum þínum á jafnvægi milli hagsmuna gerum við almennt ráð fyrir að hægt sé að sýna fram á knýjandi lögmætar ástæður, en við munum að sjálfsögðu skoða hvert einstakt mál. Ef andmæli eru lögð fram munum við hætta að vinna úr persónuupplýsingum þínum.

Nema

- við getum sýnt fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem ganga framar hagsmunum þínum, réttindum og frelsi eða
- að gögnin þín eru notuð til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

b. Andmæli vegna vinnslu á upplýsingum þínum vegna beinnar markaðssetningar okkar

Þegar við vinnum úr persónuupplýsingum þínum vegna beinnar markaðssetningar hefur þú hvenær sem er rétt til að andmæla vinnslu á persónuupplýsingum um þig fyrir slíka markaðssetningu; þetta á einnig við um gerð persónusniðs svo fremi sem það tengist slíkri beinni markaðssetningu. Ef þú andmælir vinnslunni fyrir beina markaðssetningu munum við ekki vinna meir úr persónuupplýsingum þínum í slíkum tilgangi.

c. Andmæli vegna vinnslu á upplýsingum þínum vegna vörupróunar og almennrar greiningar á viðskiptavinum

Sem hluti af jafnvægi á milli hagsmuna veitum við þér sérstakan andmælarétt að því er varðar vinnslu á persónuupplýsingum þínum vegna vörupróunar og almennrar greiningar á viðskiptavinum.

Ef þú andmælir vinnslunni vegna vörupróunar og/eða almennrar greiningar á viðskiptavinum munum við ekki vinna meir úr persónuupplýsingum þínum í slíkum tilgangi. Þetta hefur ekki áhrif á hreint tölfræðilegt mat á samanteknum gögnum eða öðrum nafnlausum gögnum.

d. Rétturinn til andmæla nýttur

Andmælum má hreyfa á hvaða hátt sem er og ætti helst að beina þeim til tengiliðanna sem taldir eru upp í lið B. II.

Athugið að myndirnar af umferð á almennum vegum sem myndavélar prófunarökutækjanna taka upp verða eingöngu notaðar til að meðtaka umhverfi bílsins til að greina hindranir og aðra vegfarendur og til að forðast slys á skilvirkan hátt. Þetta er nauðsynlegt fyrir (hálf-) sjálfvirkan akstur. Upptökurnar frá prófunarökutækjunum verða notaðar til að þróa virkni fyrir bíla sem er tilbúin fyrir markaðinn. Audi hvorki getur né hefur í hyggju að auðkenna neina einstaklinga né ökutæki sem birtast á upptökum. Ef það skyldi eiga við er Audi ekki skuldbundið til að fara að fyrrnefndum rétti til upplýsinga, leiðréttinga, eyðingar, takmarkana á vinnslu, flutnings gagna og andmæla. Ef auðkenning er ekki möguleg munum við veita þér gögn sem sýna fram á það. Þegar svo ber undir geturðu veitt Audi frekari upplýsingar sem gera okkur kleift að auðkenna þig (t.d. nánari upplýsingar um útlit þitt og fatnað þegar upptakan var gerð, staður, tími og dagsetning þegar komist var í tæri við prófunarökutækið, skráningarnúmer eða að minnsta kosti gerð og litur prófunarökutækisins). Ef okkur tekst að auðkenna þig með hjálp þessara viðbótarupplýsinga munum við að sjálfssögðu virða réttindi þín innan gildissviðs skuldbindinga okkar samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni.

V. Úr hvaða gögnum vinnum við, í hvaða tilgangi og á hvaða lagagrundvelli?

Með vörupróun að markmiði er hægt að setja upp marga nema og mælitæki í prófunarökutækinu sem safna gögnum um ástand prófunarökutækisins og aksturshegðun þess. Þessi gögn gætu innihaldið persónuupplýsingar þínar. Þessar persónuupplýsingar innihalda:

- Myndir af umhverfi bílsins (allt að 360°) og
- númeraplötur.

(„gögn“)

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar eingöngu vegna þróunar, prófana og tilrauna sem og ráðstafana til að tryggja gæði (nauðsynlegar öryggisprófanir). Öll frekari notkun er óheimil.

Það eru lögmætir hagsmunir Audi að þróa og standa vörð um öryggistengda akstursvirkni eins og aðstoðarkerfi fyrir ökumenn og mjög sjálfvirkan eða alsjálfvirkan akstur. Að auki á að bæta vöruöryggi,

öryggi ökutækja og umferðaröryggi og draga úr umferðarslysum.

VI. Hver fær gögnin mín?

Hjá Audi eru aðilar sem fá gögnin þín sem nauðsynleg eru til að uppfylla samningsbundnar og lögboðnar skyldur okkar og til að standa vörð um lögmæta hagsmuni okkar (t.d. vöruþróunarferli tækniþróunardeildarinnar). Þjónustuaðilar okkar (svokallaðir vinnsluaðilar) sem við nýtum okkur og fáum til þátttöku gætu einnig fengið gögn í þessu skyni. Við munum að jafnaði deila persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum eingöngu ef það er nauðsynlegt vegna framkvæmdar samningsins, ef við eða þriðji aðilinn höfum lögmæta hagsmuni af því að fá þær afhentar eða ef þú hefur veitt samþykki þitt. Einnig er heimilt að deila gögnum með þriðju aðilum (þ.m.t. rannsóknar- eða öryggisfyrirvöldum) að því marki sem þess er krafist af okkur samkvæmt lögum eða samkvæmt fullnustuhæfum stjórnvalds- eða dómsúrskurðum. Í eftirfarandi hluta er að finna upplýsingar um flokka vinnsluaðila sem við notumst við og aðra viðtakendur sem taka við persónuupplýsingum. Þar sem gagnavinnsla á vegum Audi er mjög umfangsmikil og flókin er ekki hægt að telja upp hvern og einn viðtakanda persónuupplýsinga þinna í þessari persónuverndarstefnu, sem er ástæðan fyrir því að almennt eru aðeins tilteknir flokkar viðtakenda nefndir.

1. Vinnsluaðilar

Þjónustuaðilar sem notast er við og koma fram fyrir hönd Audi (svokallaðir vinnsluaðilar) geta tekið á móti gögnum í eftirfarandi tilgangi. Við nýtum okkur vinnsluaðila í eftirfarandi flokkum til að veita tiltekna þjónustu og þeir styðja okkur við framkvæmd viðskiptaferla okkar. Þetta nær sérstaklega yfir félög í eftirfarandi flokkum:

- Fyrirtæki innan VW Group sem veita þjónustu (t.d. upplýsingatækniþjónustu) fyrir Audi (VW AG),
- Þjónusta skjalasafna,
- Veitendur hýsingarþjónustu,
- Veitendur upplýsingatækniþjónustu og.

2. Þriðju aðilar

Við sendum persónuupplýsingar þínar til eftirfarandi viðtakenda eða flokka viðtakenda sem hver um sig kemur að vöruþróun og mati á prófunum og eru ábyrgðaraðilar samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd:

- Fyrirtæki innan Audi samstæðunnar,
- Fyrirtæki innan VW samstæðunnar,
- Samstarfsaðilar við þróun,
- Háskólar,
- Yfirvöld með viðkomandi ábyrgðarsvið (t.d. skattayfirvöld, lögregla, ríkissaksóknari) og
- dómstólar.

Við viljum gjarnan veita þér frekari upplýsingar um viðtakendurna í sambandi við tiltekinn prófunarakstur. Vinsamlegast notaðu upplýsingar um tengiliði hér að neðan fyrir beiðnina

3. Eru gögn flutt til þriðja lands?

Í sumum tilvikum gætu gögn verið flutt til lands utan Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins (svokallað þriðja land). Ef viðtakandi er í þriðja landi gætu gögnin verið flutt til lands þar sem gagnavernd er ekki á nógu háu stigi, þ.e. á stigi sem er sambærilegt því sem er í ESB.

Að því er varðar gagnaflutninga til þriðju landa þar sem ekki er um fullnægjandi gagnavernd að

ræða göngum við úr skugga um, áður en gögn eru afhent, að viðtakandinn uppfylli viðmið um gagnavernd (t.d. með ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um fullnægjandi vernd eða með samningi við viðtakandann með svokölluðum föstum samningsákvæðum ESB), eða við höfum fengið ótvírætt samþykki þitt.

Hægt er að fá afrit hjá okkur af gildandi reglum eða reglum sem samþykktar hafa verið til að tryggja fullnægjandi gagnavernd. Notaðu samskiptaupplýsingar í lið B í þessari stefnu varðandi persónuvernd í þessum tilgangi.

Nánari upplýsingar um gagnaflutninga til þriðju landa, þar sem við á, eru veittar í þessum kafla eða þær má nálgast á eftirfarandi tengli.

<https://gdpr.audi.com/>

VII. Hversu lengi verða gögnin mín geymd?

Gögnin sem safnað er meðan á notkun prófunarökutækis stendur verða geymd eins lengi og nauðsynlegt er vegna prófunar og tilrauna.

Upplýsingunum verður eytt eftir að þessum markmiðum hefur verið náð. Í sumum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að varðveita gögnin lengur en sem nemur þessu tímabili til að tryggja gæði, þ.m.t. langtímaathuganir og vöruþróun (í tengslum við framleiðslugögn og skráahald). Auk þess verða gögnin varðveitt ef Audi ber lagalega skylda til að geyma þau, ef frekari vinnsla þjónar þeim tilgangi að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur eða ef hún er nauðsynleg til að framkvæma rannsóknir á sviði vísinda.
